

34
11. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. júní 1936.

Hermann Jónasson.

Vígfús Einarsson.

35
12. júní

S A M Þ Y K K T

fyrir Fiskiræktarfélag Önfirðinga.

1. gr.

Félagið heitir Fiskræktarfélag Önfirðinga. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns félagsins.

2. gr.

Markmið félagsins er að koma á laxveiði í svonefndum ós, vöðum og ám þeim, sem í þau falla, svo sem með klaki, friðun og eyðingu sels og annars veiðivargs, setja reglur um veiðitæki og veiðiaðferðir, ef nauðsyn krefur, eftir því sem lög leyfa. Sömuleiðis að starfrækja sameiginlega veiði fyrir alla félagsmenn, ef aðalfundur samþykkir, að fengnu leyfi veiðimálastjóra og veiðimálanefndar.

3. gr.

Félagssvæðið eru allar þær jarðir, sem lönd eiga að greindum vötnum frá Selabóli að Holti að báðum þeim jörðum meðtöldum.

4. gr.

Félagið kaupir laxaseiði til uppeldis í vötnum sínum eða starfrækir laxaklak á þeim stað, sem félagsstjórnin velur í samráði við fiskræktarráðunaut. Kostnaði við þessa starfsemi skal jafnað á félagsmenn samkvæmt gjaldskrá félagsins.

5. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skal einn þeirra eiga heimili í Flateyrarhreppi og tveir í Mosvallahreppi. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn, og ganga úr stjórninni einn í senn, fyrstu árin eftir hlutkesti. Sömuleiðis skulu kosnir tveir varamenn, annar úr Flateyrarhreppi, en hinn úr Mosvallahreppi.

6. gr.

Stjórnin hefir á hendi allar framkvæmdir félagsins á milli funda. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefir yfirumsjón með öllum störfum þess

og fjárreiðum, boðar fundi og stýrir þeim. Verði félagsveiði, hefir stjórnin á hendi framkvæmd og umsjón hennar.

35
12. júní

7. gr.

Aðalfund skal halda í janúarmánuði ár hvert. Skal formaður boða hann skriflega eða milliliðalaust með þriggja daga fyrirvara. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu ári og leggur fram endurskoðaða reikninga til úrskurðar fundarins. Þar skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á yfirstandandi ári. Skulu þar og kosnir tveir endurskoðendur reikninga. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum, nema um breytingar á samþykki eða gjaldskrá eða félagslit sé að ræða. Aðalfundur er lögmætur, ef $\frac{1}{4}$ félagsmanna mætir. Enginn má fara með nema eitt atkvæði á fundum félagsins.

8. gr.

Aukafundi heldur stjórnin, þegar henni þykir ástæða til, eða ef $\frac{1}{4}$ félagsmanna æskir þess skriflega til félagsstjórnar og tilgreinir fundarefni.

9. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

10. gr.

Semja skal gjaldskrá, sem sýni hundradshluta þann af stofnkostnaði, og árskostnaði, sem hver félagsmaður á að greiða samkv. lögum um lax- og silungsveiði nr. 61 frá 23. júní 1932. Gjaldskrá skal lögmætur félagsfundur samþykkja. Má aðeins breyta henni samkvæmt þeim ákvæðum, sem gilda um breytingar á samþykktinni.

11. gr.

Gjalddagi tillaganna er 1. október.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að tvö hundruð krónum, sem renna í félagssjóð. Ennfremur skal hinn brotlegi sóttur til skaðabóta, ef aðalfundur kveður svo á. Með mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal farið með sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Samþykkt félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi, ef tveir þriðju fundarmanna samþykkja það og breytingartillögurnar hafa verið birtar í fundarboðinu.

14. gr.

Félaginu má slíta, ef tveir þriðju félagsmanna samþykkja það. Skuldum og eignum félagsins á þeim tíma skal jafnað niður á félagsmenn samkvæmt gjaldskránni,

- 35 Samþykkt þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 61, 23. júní 1932, um
12. júní lax- og silungsveiði, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öll-
um þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. júní 1936.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

- 36
12. júní

G J A L D S K R Á

fyrir Fiskræktarfélag Önfirðinga.

Selakirkjuból 1, Flateyrarhreppi	32 einingar
— 2, —	33 —
— 3, —	22 —
— 4, —	21 —
Breiðadalur 1, —	32 —
— 2, —	28 —
— 3, —	33 —
— 4, —	26 —
Breiðadalur fremri, —	35 —
Veðrará ytri	Mosvallahreppi	46 —
— innri	—	45 —
Tannanes 1 (efri bær)	—	38 —
— 2 (neðri bær)	—	29 —
Kirkjuból í Korpudal	—	100 —
Kroppstaðir	—	50 —
Efstaból	—	42 —
Efrihesthús	—	42 —
Hafurshestur	—	38 —
Neðrihesthús	—	32 —
Tunga í Firði	—	50 —
Hóll í Firði	—	53 —
Vífilsmyrar 1 (yzti bær)	—	35 —
— 2 (miðbær)	—	35 —
— 3 (innsti bær)	—	35 —
Betanía	—	30 —
Mosvellir 1 (syðri bær)	—	39 —
— 2 (nyrðri bær)	—	38 —
Kirkjuból í Bjarnardal	—	46 —
Tröð	—	50 —